

1. bekkur stærðfræði

Kennarar: Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar er notað við stærðfræðileg viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð þjálfuð við beitingu stærðfræðilegra viðfangsefna; tölur og talnareikning, algebru, rúmfræði og mælingar og tölfræði, og líkindi. Í stærðfræði eru unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámsskrár frá 2013.

Markmið

Nemandi á að:

- flokka, telja skipulega
- skrifa læsilega tölustafi, þekkja tölustafina uppí 10
- tengja saman tölutákn og fjölda
- þekkja grunnhugtök (s.s. stærri og minni, fleiri og færri, jafnmargir)
- þekkja frumformin
- geta haldið áfram með mynstur
- skrifa talnarunu upp í 50
- þekkja talnalínu
- leggja saman og draga frá tölur upp í 10
- geta talið upp í 100
- geta fundið óþekkta stærð upp í 10
- þekkja tug og einingu
- þekkja vikudagana
- leggja saman og draga frá tölur uppí 20
- fundið óþekkta stærð upp í 20

Unnið er eftir markmiðum aðalnámsskrár.

Námsefni

Unnið er með stærðfræðibækurnar Sproti 1a og 1b, bæði nemendabækur og æfingarhefti. Auk þess eru ýmis ljósrituð verkefni.

Kennsluaðferðir

Í kennslustundum munum við notast við þjálfunaræfingar, verklegar æfingar og þrautalausnir.

Námsmat

Fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda yfir veturinn. Munnlegar- og verklegar kannanir eru

lagðar fyrir jafnt og þétt yfir veturinn.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Hæfniviðmið) - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiprautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Hæfniviðmið) - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Hæfniviðmið) - Tölur og reikningur

- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið)

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Tölur og reikningur

- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.